

## 61

7. júlí

2. gr.

Föstu rafveitugjöldin, sem miðuð eru við lampastæði, greiðist 8 sinnum á ári hverju, með  $\frac{1}{8}$  af árgjaldinu í lok hvers mánaðar ljósársins. Á sama tíma greiðist gjaldið fyrir hverja kilowattstund, sem eytt hefir verið.

Gjöldin til rafveitunnar má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Sauðárkrókhrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. ágúst 1926 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júlí 1926.*

Magnús Guðmundsson.

---

*Vígfús Einarsson.*

## 62

7. júlí

## SAMÞYKKT

um

**eftirlit og viðhald þeirra mannvirkja í Rangárvallasýslu, er gjörð eru samkvæmt lögum nr. 69, 14, nóv. 1917, til varnar vatnaágangi frá Þverá og Markarfljóti m. m.**

1. gr.

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu tekur að sjer yfirumsjón með mannvirkjum þessum, og annast viðhald þeirra undir eftirliti landsstjórnarinnar.

2. gr.

Mannvirki þessi skulu flokkuð til eftirlits og viðhalds eftir legu þeirra og staðháttum í þrjá flokka, er nefnast I., II. og III. flokkur.

3. gr.

Til I. fl. skal teljast Djúpósýrhirhleðsla frá 1923 og öll mannvirki, er gjörð eru og gjörð verða til varnar vatnaágangi á bökkunum vestan megin Hólsár, sömuleiðis mannvirki, er gjörð eru og gjörð verða í sama augnamiði á bökkum Ytri-Rangár, frá Hrafnatóftum og fram að Djúpósýrhirhleðslu, þegar samþykki stjórnarráðs er fengið til þess að telja megi hin síðastnefndu mannvirki með fyrirhleðslum Djúpóss til viðhalds. Að fengnu því samþykki,

skal ákveðið eftir mati dómkvaddra manna, í hvaða hlutfalli jarðir í Bjóluhverfi móts við aðrar jarðir á þessu svæði, eigi að bera heildarviðhaldskostnað áðurnefndra mannvirkja, til varnar vatnaágangi frá Þverá og Ytri-Rangá. 62  
7. júlí

Kostnaði þeim, er leiðir af viðhaldi, tjeðra mannvirkja, skal í sama hlutfalli og stofnkostnaði mannvirkjanna, jafnað niður á eftirtaldar jarðir í Ásahreppi, samkvæmt mati eins og það var ákveðið með brjefi atvinnumálaráðuneytisins dags. 28. maí 1924, og verður ákveðið að því er Bjóluhverfisjarðir snertir.

En jarðirnar eru þessar:

#### Í Þykkvabæ:

Bali með Tjarnarkoti, Borgartún, Brekka, Búð með Litla-Nýjabæ, Búð vesturbær, Dísukot með Bakka, Gvendarkot, Hábær, Háir-Rími, Hákot, Hávarðarkot, Hraukur, Húnakot, Jaðar, Melur, Miðkot, Nýibær með Stekkjarkoti, Oddspartur, Rimakot litla, Skarð, Skinn, Snotra með Þórutóft, Stóri-Rími, Stöðulkot, Suður-Nýibær, Tobbakot I, Tobbakot II, Unhóll, Vatnskot I, Vatnskot II, Vesturholt og Önnupartur.

#### Í Háfshverfi:

Hali með Horni, Háfur, Háfshjáleiga, Háfshóll og Sandhólaferja.

#### Í Áshverfi:

Ás, vesturbær, Ás, austurbær, og Hellnatún.

#### Í Vetleifsholtshverfi:

Gata, Gíslakot, Hellir, Hrútur, Lindarbær, Partur, Ráðagerði, Rifshalakot, Vetleifsholt I og Vetleifsholt II.

#### Í Bjóluhverfi:

Bjóla I, Bjóla II, Bjóluhjáleiga og Hrafntæftur.

#### 4. gr.

Til II. flokks skulu teljast fyrirhleðslur Fróðholtsóss og Valalækjar, er gjörðar voru 1922 og 1923 og öll mannvirki, er gjörð hafa verið og gjörð verða til varnar vatnaágangi á bökkum Þverár frá Markhól fram að Valalækjarfyrirhleðslu og á eystri bökkum Hólsár frá Valalækjarfyrirhleðslu og fram út til sjávar.

Kostnaði þeim, er leiðir af viðhaldi þessara mannvirkja skal jafnað, í sama hlutfalli og stofnkostnaði mannvirkjanna, niður á eftirtaldar jarðar:

#### Í Vestur-Landeyjahreppi:

Eystri-Hól, Eystri-Tungu, Glæsistaði, Grímstaði, Klasbarða eysri,

**62** Klasbarða vestri, Klauf, Siglúvík, Skeggjastaði, Skúmsstaði, Sperðil, Vestri-  
7. júlí Tungu, Ytri-Hól og Púfu.

Á Bakkabæjum í Rangárvallahreppi:

Ártún, Ártúnakot, Bakkakot litla, Bakkakot stóra, Fróðholt eystra, Fróð-  
holtshjáleigu m. m., og Galtarholt.

#### 5. gr.

Til III. flokks skal teljast fyrirhleðsla Markarfljóts hjá Seljalandi eða Seljalandsgarðurinn svonefndi.

Kostnaði þeim er leiðir af viðhaldi þessa mannvirkis, skal jafnað niður samkvæmt reglum laganna um stofnkostnað og matinu frá 1919 á eftirtalдар jarðir í Vestur-Eyjafljallahreppi: Brennu, Efri-Hól, Efri-Holt, Efri-Kvíhólma, Efri-Rot, Efstakot, Efstu-Grund, Fit, Fitjarmýri, Fornu-Sanda, Helgu-sanda, Holt, Hvamm, Indriðakot, Lambhúshól, Lambhúshólskot, Mið-Grund, Núp, Nýjabæ, Ormskot, Rimahús, Sauðhúsvöll, Seljaland I, Seljaland II, Seljalands-sel, Syðri-Hól, Syðri-Kvíhólma, Syðri-Rot, Syðstu-Grund, Varmahlíð og Vesturholt.

#### 6. gr.

Til þess að framkvæma eftirlitið og sjá um viðhald mannvirkjanna felur sýslunefnd oddvita sínum að skipa einn mann á hverju vatnasvæði fyrir sig og þar búsettan.

#### 7. gr.

Undir eftirlit samkvæmt samþykkt þessari falla og allar flóðgáttir, sem nú eru til eða síðar verða gerðar í bakka Hólsár og Ytri-Rangár vestan megin og bakka Hólsár austan megin, svo og flóðgáttir í Seljalandsgarðinum.

#### 8. gr.

Fer um kostnað af viðhaldi flóðgáttanna og niðurbjörgun á honum eftir sama mælikvarða og gildir um kostnað af viðhaldi fyrirhleðslumannvirkjanna, nema sýslunefnd í hverju einstöku tilfelli ákveði annan grundvöll, að fengnum tillögum þeirra er hlut eiga að máli.

Enga flóðgátt má gera, nema áður sje til þess fengið leyfi landsstjórn-  
arinnar.

#### 9. gr.

Eftirlitsmenn skulu jöfnum höndum hafa eftirlit með fyrirhleðslum, varnargörðum og flóðgáttum, hver á sínu svæði. Skulu þeir að minsta kosti tvisvar á ári, vor og haust, skoða mannvirki þessi gaumgæfilega og athuga, hvort nokkrar bilanir hafi átt sjer stað, og sömuleiðis hvort nýrra mannvirkja ger-  
ist þörf.

Á öðrum tímum árs í leysingatíð og vatnávöxtum bæði sumar og vetur skulu þeir sjerstaklega halda spurnum um allar bilanir og skemdir.

62  
7. júlí

Svo skal og öllum þeim, er hlut eiga að máli, skylt að tilkynna eftirlitsmanni, er þeir verða varir við einhverja bilun á fyrirhleðslu mannvirki eða flóðgátt, og skal eftirlitsmaður gefa skriflega viðurkenningu fyrir tilkynningunni.

#### 10. gr.

Eftirlitsmenn skulu og hafa glöggar gætur á, að bætt sje ofan á fyrirhleðslur, hvað eftir þær síga og gjöra þær ráðstafanir, sem unt er að gjöra, ef frá þeim grefst.

Hið sama gildir um garða og hleðslur í bakka. Sjerstaklega skal eftirlitsmaðurinn með Seljalandsgarðinum sjá um að ætíð sje handbært laust grjót, er auðvelt sje að ná til á hvaða árstíma sem er.

#### 11. gr.

Að því er allar flóðgáttir snertir og áveituskurði í bakka, þar sem þeir verða leyfðir af landsstjórninni eða verkfræðilegum ráðunaut hennar, skal það að öllu leyti á valdi eftirlitsmanns að ákveða, hvenær þær eða þeir megi opnir vera og hvenær lokaðir og hvernig.

#### 12. gr.

Allar skemdir og bilanir, sem af getur stafað aukin hætta, skal gjöra við án tafar, ef veður leyfir og önnur nauðsynleg skilyrði eru fyrir hendi.

Allar aðrar endurbætur skal gera að vorlagi, þegar frost er úr jörðu eða að haustlagi, áður en jörð vanalega frýs, og eigi síðar en fyrir veturnætur.

#### 13. gr.

Hvenær sem gera þarf við stærri bilanir eða stærri endurbætur skal eftirlitsmanni skylt að bjóða þeim vinnuna, sem kosta eiga verkið, þeir skulu og skyldir til að leggja menn til vinnunnar, ef eigi er á öðrum vól, en sje um smærri bilanir að ræða eða þær endurbætur, er enga bið þola, þá skal hann kveðja þá til sem næstir eru.

#### 14. gr.

Fyrir eftirlitið greiðist eftirlitsmönnum þóknun úr sýslusjóði 50 kr. til hvers á ári.

#### 15. gr.

Kostnað þann, sem af viðhaldinu leiðir, er sýslumanni heimilt að svo miklu leyti sem þörf krefur, að leggja fram úr sýslusjóði, en fær hann síðar endurgreiddan frá hlutaðeigandi jarðeigendum eða ábúendum samkv. 16. gr.

62  
7. júlí

Dagkaup við viðhald og endurbætur miðast við 10 tíma vinnu, og má eigi fara fram úr venjulegu kaupum verkamanna, á þeim tíma og á því svæði er vinnan fer fram, þó skal eftirlitsmanni, er hann stendur að verki, heimilt að reikna sjálfum sjer helmingi herra kaup og reiknast það með viðhaldskostnaði.

Leiga eftir hesta og kerrur fer eftir því, sem viðgengst á hverjum stað, og borgun fyrir annað, er með þarf til viðhaldsins.

En um lágmark venjulegs dagkaups fer eftir því, er meiri hluti þeirra ábúenda er borgunarskyldir eru, kemur saman um, ef þeir vinna sjálfir að viðhaldi eða láta vinna.

### 16. gr.

Hver eftirlitsmaður skal halda bók, er sýslumaður löggildir, og greiðist andvirði hennar af sýslusjóði.

Bók þessi skal vera dagbók hans og minnisbók yfir árið og í hana skulu ritaðir þeir dagar, er hann framkvæmir eftirlitið, þeir dagar er hann fær tilkynningu um bilanir, og þeir dagar er viðhald fer fram eða bilanir eru endurbættar.

Sömuleiðis alt annað er að viðhaldi lýtur, svo sem yfirlit yfir vinnuskrár og alla reikninga, er að viðhaldi lúta. Svo skal hann í nóvembermánuði ár hvert jafna niður öllum viðhaldskostnaði á því ári.

Niðurlögnunarskráin skal vera hlutaðeigendum til sýnis á heimili eftirlitsmanns í viku, enda hafi eftirlitsmaður auglýst það hlutaðeigendum með viku fyrirvara.

Komi engar aðfinningar við skrána fram á nefndu tímabili eða ekki aðrar en þær, sem eftirlitsmaður getur fallist á og sýslumaður samþykkir, skal hún leiðrjett af eftirlitsmanni og þannig innrituð í bókina, og telst úr því sem lögleg sönnun fyrir niðurlögnunargjaldinu, og má þá taka það lögtaki.

Gjaldldagi niðurlögnunargjaldsins skal vera 15. des. ár hvert. En aðfinningum um gjaldið eða niðurlögnun þess, er sýslumaður getur ekki fallist á, má hlutaðeigandi gjaldandi skjóta til sýslunefndar á næsta aðalfundi, og fellir hún úrskurð um málið, og skal hann tilkynntur gjaldanda. — Gjaldandi getur á tveggja vikna fresti frá úrskurði sýslunefndar skotið málefni sínu til stjórnarráðsins. — Gjald það sem sýslunefnd eða stjórnarráð hefir þannig úrskurðað má taka lögtaki.

Noti gjaldandi ekki áfrýjunarrjett sinn, fer um gjald þetta eins og um ágreiningslaust gjald.

Leiguliði á jörð skal skyldur, er jarðeigandi krefst, að greiða hinn árlega niðurlögnunargjald kostnað.

Eftirrit af bókinni fyrir hvert liðið ár skal eftirlitsmaður senda sýslunefnd fyrir hver áramót.

## 17. gr.

62  
7. júlí

Ef einn jarðareigandi eða fleiri á hverju áveitusvæði fyrir sig eru óánægðir með mat það eða grundvöll þann, er niðurjöfnunin byggist á, skal þeim heimilt að krefjast þess að nýtt mat fari fram, þó ekki oftár en fimta hvert ár, og skal þá við matið taka tillit til, ef jarðir hafa orðið fyrir skemmdum af sandágangi útaf missi vatnsins, er eigi verður út bætt með flóðgáttum.

Matsbeiðandi eða matsbeiðendur skulu greiða hálfan kostnað á móti öllum öðrum jarðeigendum á því svæði, ef matið gengur þeim á móti, ella greiðist það sem annar viðhaldskostnaður.

## 18. gr.

Nú verður talið nauðsynlegt að gera aukningar eða umbætur á fyrirhleðslunum eða mannvirkjum þeim, sem til þeirra teljast, og telur sýslunefnd þær stærri en svo, að fært þyki að reikna þær til viðhalds verksins. skal sýslunefnd þá leita samninga við landsstjórnina um þátttöku í kostnaðinum samkvæmt 5. gr. laga nr. 69, 14. nóv. 1917.

## 19. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10 til 200 krónur, sem renna í viðhaldssjóð viðkomandi vatnasvæðis. Við ákvörðun sektanna skal taka tillit til aukins tjóns, er sennilegt þykir að brotið hafi valdið.

## 20. gr.

Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari skulu rekin sem opinber lögreglumál.

## 21. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin 1. gr. nr. 2 í samþykkt um verndun Safamýrar 31. ágúst 1900, og samþykkt um viðhald fyrirhleðslunnar hjá Seljalandi 19. sept. 1913.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóvember 1917, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júlí 1926.*

**Magnús Guðmundsson.**

---

*Vigfús Einarsson.*